

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjóstusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5ce (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000) í XI. viðauka við samninginn:

„5cf. **32002 D 0676**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1).“

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirtaldir málsgreinar bætist við 6. gr.:

„4. 1., 2., 3. og 4. mgr. gilda ekki í EFTA-ríkjunum, þó með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. mgr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

5. Hvað varðar EFTA-ríkin skulu stjórnvöld þar sinna verkefnum sem framkvæmdastjórninni eru falin samkvæmt 1. mgr. og tilkynna fastanefndinni um hvers kyns vandkvæði við framkvæmd þessarar ákvörðunar, að lögum eða í reynd, af völdum ríkja utan efnahagssvæðisins eða alþjóðastofnana, og skal fastanefndin gera skýrslu um slíkar tilkynningar.
6. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur EFTA-ríkjanna samkvæmt gildandi milliríkjasamningum.““

2. gr.

Texti ákvörðunar nr. 676/2002/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.